



PROGOLF

Foreldrafundur samantekt

Föstudagurinn 20. Nóvember 2009

Föstudaginn 20. nóvember fór fram foreldrafundur í golfskólanum í Grafarholti. Fyrir hönd kennara voru mættir Brynjar Eldon Geirsson íþróttastjóri GR, Árni Páll Hansson kennari hjá Progolf og Sigurður Pétur Oddsson kennari hjá Progolf. Það kom skemmtilega á óvart hversu margir foreldrar mættu á fundinn enda erfitt að finna tímasetningu sem hentar öllum.

Á borðum lágu afrit af "Rammaskipulagi barna & unglingastarfs Golfklúbbs Reykjavíkur 2009-2010", stundatöflum í almennu sem og afrekstarfi og stutt dagskrá sem var höfð til hliðsjónar á fundinum.

Dagskráin hófst með því að Brynjar fór stuttlega yfir gang mála síðasta sumar og nefndi þá titla sem bárust í hús. Brynjar fór líka yfir sjálft Rammaskipulagið (sem hægt er að nálgast á síðu GR; www.grgolf.is) og talaði um þær breitingar sem áttu sér stað í afrekstarfi klúbbsins þegar í lok sumars voru skorin niður pláss í starfinu úr 36 í 24. Það kom einnig fram í tali hans að þessi ákvörðun hefði verið erfið og verið mis vel tekið af þeim aðilum sem við niðurskurðinn dattu úr starfinu. Brynjar nefndi að ákvörðunin hefði ekki verið tekin af fjárhagslegum ástæðum heldur faglegum. Spurningar vöknudú hjá foreldrum hvort ekki væri verið að mismuna krökkunum um of og hvort þessi ákvörðun gerði það að verkum að gæði kennslu þeirra nemanda sem stunduðu almennar æfingar kæmi niður á tækifærum þeirra í framtíðinni að komast í afrekshópa. Brynjar ásamt Árna Páli og Sigurði voru ekki sammála því og vildu meina að gæði kennslu í almennu starfi gæfi þeim kylfingum sem sýndu áhuga og dugnað mjög góð tækifæri til að sanna sig og vinna sig inn í afrekshóp. Það kom einnig fram í máli Brynjars að allir þeir kylfingar sem dattu út úr afreksstarfinu kæmu til með að halda boltakortunum sínum. Einnig kom fram að afsláttur er veittur til þeirra barna og unglinga í almennastarfinu sem áhuga hafa á því að kaupa boltakort, einnig er veittur afsláttur á einkakennslu fyrir þessa kylfinga ef áhugi er fyrir hendi. Brynjar ræddi um stærð hópa í almennum æfingum og nefndi að reynt yrði að hámarka hópana við 8-10 nemendur per kennara. Fram kom að 2 hópar í almennu starfi þetta haustið hefðu sprengt þennan skala og væri þegar búið að skipta einum upp og frá og með næstu viku mun bætast við kennari í aðra hópa sem koma til með að sprengja þennan skala. Brynjar kynnti Sigurð Pétur Oddson sem nýjan kennari í stað Jóhans Hjaltasonar sem lét af störfum í haust. Það er mikill fengur fyrir starfið að fá Sigurð Pétur enda þrautreyndur landsliðsmaður með mikla reynslu sem hann mun miðla til sinna nemanda. Brynjar lauk máli sínu á því að nefna að verið væri að kanna möguleika á æfingaferð erlendis líkt og hefur verið farið síðastliðin ár og munu niðurstöður úr þeirri vinnu lyggja fyrir á næstu vikum.

Því næst tók Árni Páll til máls og fór yfir helstu áherslur sem unnið er eftir í starfinu.

Hann nefndi að rauði þráðurinn í almenna starfinu væri að kenna kylfingum undirstöðuatriði leiksins:

- Tækni: grip, stöðu og mið.
 - Helstu reglur, háttvísi og umgengnisvenjur á velli.
 - Leigleði og almenna ánægu af leiknum og félagsskapnum sem leikurinn býður uppá.
- Einnig kom fram að þeir kylfingar sem eru lengra komnir í almennastarfinu og eru nú þegar að stunda keppnisgolf komi til með að fá það aðhald sem nauðsynlegt er við slíkar aðstæður.

Árni Páll ræddi því næst áherslurnar sem eru hafðar til hliðsjónar í afreksstarfinu sem felast aðalega í því að skerpa á tækni kylfinganna með einkatímum og undirbúa þau undir átök næsta sumars þegar nýtt keppnistímabil hefst. Enda ætlast til að allir kylfingar í afreksstarfi keppi fyrir hönd klúbbsins í stigamótum GSÍ.

Í framhaldi barst talið að nauðsyn þess að koma börnunum og unglingunum í starfinu hvort sem um almennt eða afreksstarf væri að ræða meira út á völl að spila. Fram kom í máli Ragnars að vinna væri í gangi milli unglinganefndar og stjórn GR að koma á föstum rástímum fyrir krakkana í viku hverri á völlum klúbbsins. Allir viðstaddir voru sammála mikilvægi þessa að þetta mál fengi farsælan endi. Einnig kom fram í máli Ragnars að margra ára fjarveru muni loksins fara fram unglinga stigamót GSÍ á velli Golfklúbbs Reykjavíkur næsta sumar. Ragnar hvatti alla viðstadda til að hrósa stjórn klúbbsins fyrir ákvörðunina þar sem slík hvatning gæti hjálpað okkur að gera þetta að árlegum viðburði enda í kringum 10 ár frá því að klúbburinn hélt síðast slíkt mót.

Þegar þarna var komið við sögu barst spurning úr sal er varðaði atvik sem kom upp síðasta sumar þegar kennsla meira og minna féll niður í 3-4 vikur hjá Árna Páli vegna veikinda heima fyrir. Spurt var hvort búið væri að gera ráðstafanir ef líkt mál kæmi upp aftur. Brynjar og Árni svöruðu því til að málið hefði borið mjög skjótt upp og ómögulegt hafði reynst að finna kennar tímabundið í starfið og því hefði þessi leiðinlega aðstaða skapast. Viðstaddir voru beðin afsökunar á ástandinu sem skaðpaðist með von um að starfið yrði dæmt fyrir þær aðgerði sem gripið yrði til í framtíðinn ef álíka mál kæmi upp. Einnig kom upp óánægja með upplýsingastreymi til foreldra og forráðamanna auk þess sem erfitt hafi verið að fylgjast með mótaskrá sumarsins þar sem slíkar upplýsingar lágu ekki fyrir inná netsíðu starfsins. Þessi mál verða tekin mun fastari tökum á þessu tímabili og upplýsingar er varða starfið verður komið fyrir á vef þess þegar þær liggja fyrir.

Talið barst þá að félagsstarfinu og var sú hugmynd kynnt að í hverjum mánuði fram á sumar komum við til með að bjóða uppá uppákomu utan venjulegs æfingatíma fyrir alla krakkana í starfinu. Fyrsta uppákoman verður bíóferð í byrjun desember sem verður auglýst þegar nær dregur á síðu starfsins sem og næstu uppákomur þar á eftir. Hugmynd um svokallaðan "foreldradag" eftir áramót var reyfaður og lagðist vel í viðstadda, þann dag myndu krakkarnir bjóða foreldri, afa, ömmu systkini eða öðrum í fjölskyldunni með á æfingu. Foreldrar voru hvattir til að taka þátt í starfinu á einn eða annan hátt og allar hugmyndir um slíkar útfærslur vel þegnar.

Heimasíða unglingastarfsins var þá kynnt: www.grunglingar.blog.is. Síðan hefur verið mjög lífleg það sem af er þessum vetri og verður það áfram. Foreldrar, forráðamenn og krakkarnir í starfinu voru hvött til að heimsækja síðuna sem oftast enda verða allar mikilvægar upplýsingar um starfið að finna þar.